

7.10.12.39

VÍSIR

Íslensk áhrif?

I.

Í Lundúnablaðinu **Light** (Ljósið) 2. nóv. s. l., s. 665, má lesa setningu þá er eg þýði þannig: „Á þeirri öld mannlegrar framsóknar (eða framvindu) sem nú er hafin, mun heilagur andi birtast mannkyninu í gervi vísindanna.“

Höfundur greinarinnar sem þetta stendur í, dr. B. van Tricht, segir að svo hafi farist orð í viðræðu við sig, vísindamanni sem jafnframt sé vel fróður um dulræn efni. Mér virðist þetta einkar eftirtektarvert, af því að þarna er látin í ljós sú skoðun, að aldaskifti hafi átt sér stað, nýtt tímabil mannkynssögunnar sé þegar hafið, og að einkenni þessarar nýju aldar verði það, að náð

verði fram til vísinda þar sem áður hefir einungis verið trú. Eða, með öðrum orðum, þetta sama sem eg hefi verið að halda fram nú um allmörg ár, og sýna fram á hvernig orðið geti. Eg hefi lengi, bæði á íslensku og öðrum málum, og þó einkum með því að rita við og við í **Light** síðan 1925, verið að reyna að hjálpa spíritistum, og þá einnig náttúrufræðingunum, með því að sýna fram á að ekki sé sigurs að vænta, nema spíritisminn sé gerður að náttúrufræði. En það verður þegar menn átta sig á því, að það sem hefir verið kallað lífið hinumegin, líf í öðrum heimi og andaheimi, er í raun rétttri líf í þessum sama heimi sólna og

jarðstjarna, líf sem er alveg eins líkamlegt, náttúrlegt og náttúrufræðilegt og lífið hér á jörðu.

II.

Þessi tilraun mín til að gera spíritista að náttúrufræðingum og færa jafnframt út takmörk náttúrufræðinnar, hefir ekki haft mikinn framgang ennþá, og er þó mikið undir því komið að hún takist. Því að vér hér á jörðu — ásamt mjög mörgum miljónum öðrum sem líkt stendur á fyrir — erum á útjaðri lífheims, þar sem ekki hefir tekist að lifna enn, svo líf geti heitið, heldur mistekst sífellt tilraunin til lífs. Og réttí fram-sóknarátt verður ekki náð, um sigursælt líf getur hér ekki orð-

ið að ræða, fyr en samband bygt á þekkingu, vísindalegt samband, hefir tekist við fullkomnari lífstöðvar. Það er í þessum einfalda sannleik sem eiga rót sína allar hugmyndir um að mannkyni þurfi að bjarga og geti orðið bjargað, að horfið geti orðið af Helvegi, Lífstefna komið í Helstefnu stað. Og gott væri að mega líta á fyrgreind orð hins ónefnda vísindamanns, sem fyrirboða þess að menn fari nú að taka betur en áður á greindinni gagnvart hinum bjargandi sannleika, sem er svo nátengdur hinu sérstaka ætlunarverki íslensku þjóðarinnar.

4. dec.

Helgi Pjeturss.